

Fimmtudagurinn 17. september 1998 kl. 12:00

115. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 33/1998

Auglýsingar Heklu hf. „Með allt á hreinu“

I.

Málavextir og málsmeðferð

1.

Í febrúar sl. barst Samkeppnisstofnun kvörtun yfir auglýsingu Heklu hf. sem birst hafði í Sjónvarpshandbókinni, 3. tbl. 6. árg. 1998. Auglýsingin sem um ræðir er með fyrirsögninni „*Með allt á hreinu*“ og sýnir ungabarn sem situr ofan á þvottavél og teygir sig niður að tökkum vélarinnar eða að hundi sem situr fyrir framan vélina.

Í framhaldi af kvörtuninni sendi Samkeppnisstofnun Heklu Electric raftækjaverslun bréf, dags. 23. febrúar 1998, þar sem kvörtunin var rakin og vísað var til 22. gr. samkeppnislaga. Jafnframt var fyrirtækinu gefinn kostur á að koma að athugasemdum.

2.

Í svari Heklu, dags. 27. febrúar, segir m.a.:

„Electric raftækjaverslun Heklu getur ekki fallist á það að um skýrt brot á 22. grein samkeppnislaga sé að ræða þar sem ekkert hættulegt athæfi kemur fram í auglýsingunni. Þó barn sé látið sitja í makindum sínum uppi á þvottavél undir eftirliti heimilishundsins þarf ríkt ímyndunarafl til þess að flokka það undir 22. gr. samkeppnislaga.“

3.

Í framhaldi af svari Heklu var auglýsingin rædd á fundi auglýsinganefndar, ráðgjafarnefndar samkeppnisráðs, þann 30. mars sl. Niðurstaða nefndarinnar var eftirfarandi:

„Auglýsinganefnd telur að auglýsingin sýni hættulegt atferli barns og sé til þess fallin að vera aðeins eldri börnum fyrirmynd. Þá sýni auglýsingin barn í umhverfi sem það á ekki að sjást í þar sem enginn fullorðinn er nálægt til að gæta að barninu. Auglýsingin brjóti gegn ákvæðum 22. gr. samkeppnislaga.“

4.

Með vísan til þessa beindi Samkeppnisstofnun þeim tilmælum til Heklu að hætta að auglýsa með framangreindum hætti nú þegar. Jafnframt var Heklu gefinn kostur á að koma að athugasemdum við niðurstöðuna en engar athugasemdir bárust.

Umrædd auglýsing hefur síðan tekið að birtast aftur í sumar, m.a. í Sjóntvarpshandbókinni 15. tbl. 1998 og í Séð og heyrt nr. 29 1998.

Með vísan til fyrrgreindrar afgreiðslu Samkeppnisstofnunar og þess að athugasemdir hefðu ekki borist frá Heklu sendi stofnunin fyrirtækinu bréf þann 28. ágúst sl. Þar óskaði Samkeppnisstofnun eftir skýringum á því að auglýsingin birtist nú aftur. Heklu var gefinn frestur til 4. september með að koma að skýringum og athugasemdum en engar hafa borist.

Auglýsingin birtist enn og aftur í nýjasta tölublaði Sjóntvarpshandbókarinnar sem gildir fyrir 7.–20. september 1998.

5.

Á fundi auglýsinganefndar þann 11. september sl. var auglýsing Heklu aftur til umfjöllunar. Fund nefndarinnar sátu Atli Freyr Guðmundsson, Jóhannes Gunnarsson og Sólveig Ólafsdóttir.

Nefndin var sammála um að leggja til við samkeppnisráð að auglýsing Heklu sem sýnir barn sitja upp á þvottavél verði bönnuð þar sem auglýsingin brjóti gegn ákvæðum 22. gr. samkeppnislaga. Þetta skuli gert þar sem fyrirtækið hefur ítrekað birt auglýsinguna þrátt fyrir tilmæli um að hætta birtingu hennar.

II. Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 17. september 1998, var ákvörðun tekin í þessu máli. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Skarphéðinn Þórisson.

Í 22. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 segir m.a.:

„Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og mega þær á engan hátt misbjóða þeim.

Í auglýsingum verður að sýna sérstaka varkárni vegna trúgirni barna og unglunga og áhrifa á þau.

Komi börn fram í auglýsingum skal þess gætt að sýna hvorki né lýsa hættulegu atferli eða atvikum er leitt geti til þess að þau eða önnur börn komist í hættu eða geri það sem óheimilt er.“

Í athugasemdum með frumvarpi til samkeppnislaga segir nánar um þessa grein:

„Í 3.–5. mgr. 22. gr. er sérstaklega fjallað um börn og auglýsingar. Þetta á sér fyrirmynd í 8. tl. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar um auglýsingar í útvarpi og í... sameiginlegum norrænum stefnumarkandi reglum um sjónvarpsauglýsingar. Þetta er víðtækara en ákvæði í reglunum og í reglugerð þar sem þetta ákvæði nær til allra auglýsinga almennt eftir því sem við getur átt. Útfæra mætti þessa grein nánar ef þurfa þykir í reglum sem gert er ráð fyrir að samkeppnisráð geti sett, sbr. 32. gr. frumvarpsins. Við setningu reglna á þessu sviði mætti taka mið af fyrrnefndum norrænum reglum um sjónvarpsauglýsingar en þar er í sérkafla sérstaklega fjallað um börn og auglýsingar í fjórum liðum og efnislega fjalla þær reglur að miklum hluta um börn. Einnig má benda á 13. gr. síðareglna Alþjóðavarslunarráðsins um auglýsingastarfsemi og leiðbeiningar ráðsins við síðareglurnar.

Sem dæmi um það sem fallið getur undir 5. mgr. 22. gr. er ef auglýsing sýnir barn við stýri ökutækis eða að leik aftan við það.“

Nánari reglur um börn og auglýsingar, sbr. ofangreinda tilvísun til 32. gr. frumvarpsins, hafa ekki verið settar af samkeppnisráði. En í fyrrnefndum

sameiginlegum norrænum reglum um sjónvarpsauglýsingar sem þarna er vísað til segir í grein 7.4.:

„Börn mega einungis koma fram í auglýsingum ef þau eru eðlilegur þáttur í því umhverfi sem sýnt er eða ef nauðsynlegt er að börn sýni notkun vöru eða þjónustu.“

Samkeppnisráð telur það lýsa hættulegu atferli að sýna lítið barn ofan á þvottavél. Jafnframt sé barn ekki eðlilegur þáttur í umhverfi þvottavéla né geti barnið átt að sýna notkun vörunnar.

Með vísan til alls framangreinds telur samkeppnisráð að auglýsing Heklu með fyrirsögninni „*Með allt á hreinu*“, sem sýnir lítið barn sitja ofan á þvottavél og teygja sig niður að tökkum vélarinnar eða að hundi sem situr fyrir framan vélina, sé brot á 22. gr. samkeppnislaga.

Í ljósi þess að fyrirtækið hefur virt að vettugi tilmæli Samkeppnisstofnunar um að hætta birtingu auglýsingarinnar telur samkeppnisráð þörf á að banna birtingu hennar.

III.

Ákvörðunarorð:

„Með vísan til 22. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Heklu hf. Electric, Laugavegi 170–174, Reykjavík, að birta auglýsingu á GE þvottavél með fyrirsögninni „Með allt á hreinu“ sem sýnir lítið barn ofan á þvottavél.

Bannið tekur gildi við birtingu.

Verði banninu ekki fylgt mun viðurlögum samkeppnislaga verða beitt.“